



Gleðilegt nýtt ár

Árið 2020 er liðið og nýtt gengið í garð. Með hjartsýni horfum við fram á veginn og biðum þess að við náum tökum á faraldrinum með bóluefni. Margir biða í eftirvæntingu eftir því að fjölga samverustundum á árinu og taka þátt í viðburðum sem telja fleiri en tíu. Dagskráin óskar lesendum sínum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir það gamla. Á myndinni má sjá frá flugeldasýningu sem Björgunarfélag Árborgar var með á Stórahóli þann 31. desember sl. Sýningin var vegleg að vanda. Það var Hallgrímur P. Helgason sem festi hana á mynd.

-gpp

Kosið verður um sameiningu 2021

Sveitarstjórnir Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ása-hrepps hafa samþykkt að ganga til formlegra viðræðna um sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga sem lýkur með atkvæðagreiðslu um sameiningu á meðal íbúa. Sveitarstjórnirnar hafa jafnframt skipað fulltrúa í samstarfsnefnd um sameiningu eins og kveðið er á um í lögum. Fulltrúar í nefndinni eru þeir sömu og fram að þessu hafa setið í verkefnishópi Sveitarfélagsins Suðurlands.

Sveitarstjórnirnar lýsa því yfir í bókunum sínum að heimild í 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga verði ekki nýtt. Í henni er kveðið á um, að þrátt fyrir að íbúar einhvers sveitarfélaganna hafni sameiningu í kosningum, sé sveitarstjórnunum þeirra sveitarfélaga þar sem

sameining er samþykkt heimilt að ákveða sameiningu þeirra ef íbúafjöldi nær 2/3 hlutum af samanlögðum íbúafjölda allra sveitarfélaganna. Skilyrði sameiningar er því að hún hljóti atkvæði meirihluta kjósenda í öllum sveitarfélögum.

Tillaga verkefnishóps Sveitarfélagsins Suðurlands þessa efnis var tekin fyrir á fundum sveitarstjórnanna í desember og samþykkt samhljóða. Sveitarstjórnarmenn eru því einhuga um að leggja ákvörðunina um sameiningu í dóm kjósenda. Ákvörðunin er meðal annars tekin með hliðsjón af niðurstöðum viðhorfskönnunar þar sem meirihluti svarenda taldi æskilegt að íbúar fengju að kjósa um málið.

Samstarfsnefnd um sameiningu mun taka til starfa í upphafi næsta árs og hefja formlegar viðræður.

Fyrsta barn ársins á HSU var stúlka

Fyrsta barn ársins á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi kom í heiminn þann 2. janúar 2021 kl. 03:44. Við fæðingu var stúlkan 51 sm og 3860 gr. eða rúmar 15 merkur. Foreldrar hennar eru Eydís Hrönn Tómasdóttir og Víðir Reyrr Þórisson í Kastalabrekku. Stúlkan er sjöunda barn móður sinnar og tíunda barn föður síns. Ljós móðir var Veronika Carstensdóttir Snædal.

Settur dagur var 30. desember, en ekkert dró til tíðinda fyrr en sú stutta ákvað að drífa sig í heiminn þann annan janúar. „Þetta gerðist með látum þarna um nóttina. Hún kom í sigurkufli á ganginum fyrir framan fæðingarstofuna.



Það heilsast öllum vel og allt gekk vel. Við erum svo bara hæst ánægð með það að fá 12 mánaða fæðingarorlof,“ sagði Eydís í samtali við blaðamann.

-gpp

Fáðu fagmann í verkið

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



ÚTSALAN ER HAFIN

40% afsáttur af öllum útsöluvörum

Verið velkomin í heimsókn

Motivo.is

Hönnun, tíska og afjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

UNDRALAGNIR

ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGADJÓNSTA

SÍMI 8484768

UNDRALAGNIR@GMAIL.COM

JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAMEISTARI

Hrós vikunnar

Jóhannes Helgason
er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Jóhannes Helgason

Við viljum hrósa systkinunum á Geysi þeim Mábil og Sigurði og þeirra fjölskyldum fyrir óþrjótandi dugnað í sinni glæsilegu uppbyggingu og hjálpssemi og hlýhug í okkar garð :)

Jóhannes Helgason

Við skorum á Mábil eða Sigurð að koma með næsta hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendið okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Höfn í höfn í Þorlákshöfn

Fyrir rúmum þremur árum urðu vörusiglingar til Þorlákshafnar að veruleika, eftir hundrað ára bið. Aðdraganda þeirra má rekja til þess þegar bændur af öllu landinu komu saman til fundar að Þjórsártúni í janúar 1916. Tilfnið var að berjast fyrir jákvæðri byggðapróun og uppbyggingu landsins. Í framhaldinu varð Framsóknarflokkurinn stofnaður, 16. desember sama ár, og er því nýorðinn 104 ára. Enn er þörf fyrir flokk sem berst fyrir uppbyggingu landsins. Á fundinum að Þjórsártúni, sem haldinn var úti um miðjan vetur, var samþykkt ályktun um nauðsyn þess að byggja upp höfn í Þorlákshöfn sem myndi tryggja bændum ódýrari og betri flutninga til og frá landinu án afskipta Reykjavíkuváldsins og kaupmanna.

Haustið 2017 skrifaði ég grein sem birtist í Dagskránni um vörusiglingar til Þorlákshafnar sem þá voru loks nýhafnar, eftir 100 ára bið. Þar hvatti ég Sunnlendinga sem aðra að nýta tækifærin sem út- og innflutningshöfn hefur að færa. Forsenda þess að stærri höfn gæti orðið að veruleika væri sú að ríkisstjórnin kæmi að með aukna fjármuni. Það er því afar ánægjulegt að geta sagt nú, að ríkisstjórnin hefur samþykkt að auka fjármagn svo um munar, til hafnarbótasjóðs og styðja dyggilega við stækkun hafnarinnar

í Þorlákshöfn og aðrar brýnar framkvæmdir við hafnir og sjóvarnir. Þetta hefur verið staðfest á Alþingi með nýsamþykktu fjármálaáætlun.

Það er engum blöðum um það að fletta að vöruflutningar um Þorlákshöfn hafa opnað nýja möguleika fyrir ferskflutning á sjávarföngum frá Íslandi til meginlands Evrópu. Eftirspurn eftir vöruflutningum hefur aukist jafnt og þétt á ekki lengri tíma og er árangurinn framur vonum. Tvær vöruflutningaferjur, Mykines og Mistral, sigla á vegum færeyska skipafélagsins Smyril-Line vikulega og hugmyndir eru uppi um farþegasiglingar frá Þorlákshöfn til Evrópu. Kostirnir eru ótvíræðir með verulegum ávinningi fyrir sunnlenskt atvinnulíf og byggðapróun. Fyrir utan störf sem skapast við löndun og ýmsa aðra þjónustu þá er sjóflutningstíminn sá stysti til og frá landinu sem styrkir ferskfiskútflutninginn til muna. Flutningur á ferskum sjávarafurðum kemur til með að stórákast á næstunni þar sem meiri krafta er um að afurðir séu fluttar á markað á sem hagkvæmastan hátt, fyrir umhverfið. Ef fyrirætlanir um stækkun í fiskeldi verða að veruleika þurfa innviðir að vera í stakk búnir til þess að afkasta aukinni framleiðslu á markaði erlendis. Núverandi skip sem venja komu sína til Þorlákshafnar fullnýta

Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



stærðarramma hafnarinnar og því er ekki möguleiki á að taka við stærri skipum ef uppfylla á alþjóðlegar öryggiskröfur.

Inni á núgildandi samgönguáætlun er endurbýgging á tveimur stálþilsbryggjum í Þorlákshöfn, við Svartaskersbryggju og Suðurvarabryggju auk dýpkunar framan við Svartaskersbryggju. Aukið fjármagn í fjármálaáætlun gefur sveitarfélaginu svigrúm til að ráðast í þær breytingar sem þarf að gera á höfninni til þess að taka á móti stærri skipum og er ekki inni á samþykktu samgönguáætlun. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vinnur að forgangsroðun verkefna miðað við aukið fjármagn sem verður lögð fram á nýju ári.

Þolinmæði er dyggð og ekkert gerist af sjálfu sér. Samstaða sunnlenskra sveitarfélaga með Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur skilað sér. Stuðningur þingmanna kjördæmisins var mikilvægur. Áratuga löng barátta er loks í höfn. Já, það er sagt að við Sunnlendingar séum þolinmóðir. Það þarf þrautseigju og dugnað til. Áfram veginn.

Fyrsta bólusetningin á Suðurlandi

Fyrsta bólusetningin við Covid-19 á HSU átti sér stað þann 29. desember 2020 kl. 9. Bólusetningin markar tímamót í baráttu við veiruna, en stofnuninni bærust alls 370 skammtar af bóluefni í þessum fyrsta fasa bólusetningarinnar. Von er á fleiri skammtum eftir því sem bóluefni berst til landsins.





Skalli

Sá svalasti í bænum

**Stór pizza með
premúr áleggstegundum
á aðeins 1.449 kr.
alla daga í janúar og febrúar**

www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483 1111

133 kisur fengu aðstoð Villikatta á Suðurlandi

Enn einu annasömu ári er að ljúka hjá Villiköttum Suðurlandi. Árið 2020 höfum við annast 133 kisur á ýmsum aldri, þ.e. 66 fullorðnar kisur og 67 kettlinga. Kisurnar koma víðsvegar af Suðurlandi, en Árborg er alltaf stærst, þaðan kom nálægt þriðjungur kisanna. Við höfum verið að vinna í því að ná samningum við sveitarfélög til að hjálpa okkur við að sporna gegn fjölgun villi- og verganskatta á Suðurlandi, þar sem mannúð er höfð að leiðarljósi. Nú í lok árs fengum við langþráða litla aðstöðu fyrir búrkisur á vegum Árborgar og bindum miklar vonir við að aukið samstarf við Árborg verði farsælt.

Við höfum náð að finna ný heimili fyrir 97 kisur á árinu, auk þess sem aðrar deildir Villikatta hafa aðstoðað okkur við að finna nokkrum heimili. Einungis 11 villikisur hefur verið skilað aftur út á sinn stað eftir geldingu, þar sem þær fá mat og skjól, eftir aðstæðum, og 9 villuráandi heimiliskisur hafa komist heim til eigendanna. Við sinnum þannig matargjöfum á nokkrum stöðum og fódurstaurarnir okkar hafa komið í góðar þarfir.

Það sem staðið hefur upprú á árinu og veldur okkur áhyggjum er hversu margar kisur virðast lenda á flækingi eftir sumarþaðstaðferðir eigendanna. Ógeldar kisur sem týnast í svona ferðum gjóta á ólíklegustu stöðum og við höfum staðið í ströngu við að bjarga fullorðnum kisu og litlum kettlingum frá því að verða úti eða fjölga sér óhamið á svona svæðum. Þar hafa mynda-



vélarnar okkar enn og aftur sannað gildi sitt, því það er erfitt að vakta búr allan sólarhringinn fjarri heimilum okkar. Til að sporna við því að kisur týnist í svona ferðum og/eða frá heimilum höfum við reynt að benda fólki á að hafa öryggismálin í lagi m.a. með því að gefa út myndband með ábendingum um öruggar gluggakrækjur og fleira.

Og fjölmargar kisur virðast vera í kringum sveitabæi um allt Suðurland. Við höfum tekið þátt í slíkum risaverkefnum og mikið óunnið í þeim málum. Sömuleiðis höfum við tekið að okkur að gelda og finna heimili fyrir kisur úr dánarbúum, sem misst hafa eigendur sína.

Svona sjálfbóðastarf krefst mannafla og mikilla fjármuna. Við höfum verið ótrúlega heppin að fá til liðs við okkur fórnfúsa sjálfbóðaliða, sem hafa unnið kraftaverk og verður þeim

seint fullþakkað. Sömuleiðis hafa yndislegir einstaklingar og fyrirtæki stutt okkur með matargjöfum, fjárfraðslum og fleiru. Við gáfum út nýtt dagatal fyrir árið 2021, í samvinnu við aðrar deildir Villikatta á landinu, til að reyna að afla fjár fyrir læknskostnaði fyrir kisurnar okkar. Í sumum tilfellum erum við að fá fárveikar kisur, sem þurfa mikla aðstoð. Þessar kisur eru margar tættar og rifnar eftir verganginn, með augnsýkingar og kvef og þurfa margar hverjar að fara í kostnaðarsama tann-töku og sárameðferðir.

Við viljum þakka öllum þeim fjölmörgu, sem hafa hjálpað okkur og stutt á marga vegu. Ekki síst dýralæknum og starfsfólki hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands á Stuðlum. Megi komandi ár verða okkur öllum farsælt, bæði mönnum og dýrum. Gleðilegt nýtt kisuár.

Gjöf til íbúa í Austur Landeyjum

Það er alltaf gaman að gleðjast saman og gleðja aðra og þá sérstaklega yfir jólahátíðina. Ungmennafélagið Dagsbrún og Kvenfélagið Freyja í Austur-Landeyjum tóku sig saman fyrir jólin og útbjuggu smá glaðning sem félögin færðu svo öllum heimilum í Austur-Landeyjum sem og félagsmönnum sem eiga heima annars staðar en í sveitarfélaginu. Þessi

ákvörðun var tekin vegna þess að starfsemi félaganna hefur verið af skornum skammti nú á Covid-tímum og hafa hefðbundnir viðburðir eins og skótuveisla og jólaball ekki verið haldin. Gjöfin frá félögunum hefur væntanlega hlýjað þeim sem við tóku um hjartarætur og fá Freyja og Dagsbrún gott hrós fyrir framtakið.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, shk@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveg 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég var oft á skóm úr skinni
skemmti fólki í stofum inni.
Ég er íþrótt orkumanna.
Ég er meðal hlunnindanna.

Svar við gátu í blaði 2578: **Mark**
1. lína: Eyrna-mark - 2. lína: Tak-mark
3. lína: Skot-mark - 4. lína: Knattspyrnu-mark



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er
Sigurbjörg Fríða Ólafsdóttir



Ég vil byrja á því að þakka Helgu Lucie fyrir tækifærið að fá að láta ljós mitt skína sem sunnlenski matgæðingurinn. Ég hef beðið spennt eftir því að verða fyrir valinu og nú er sú stund loksins runnin upp.

Nú þegar þrettándinn er á næsta leiti og við kveðjum jólin, þá vil ég deila með ykkur uppskrift að jólamatnum mínum sem margir horfa jafnvel á sem hversdagsmat.

Ég er alin upp við að fá kótilettur í raspi í matinn á aðfangadagskvöld. Það er síður frá mömmu minni sem er frá Hamrafossi á Síðu, og ólst hún einnig upp við kótilettur sem jólamat. Þetta er matur sem öllum finnst góður. Það er líka ótrúlega þægilegt að matreiða kótilettur. Mamma steikti þær á pönnu síðla dags og lét þær síðan malla í ofninum fram að kvöldmat. Meðlætið var oftast brúnaðar kartöflur, grænar baunir og rauðkál.

Kótilettur í raspi

- Kótilettur
- 2 egg
- 2,5 dl rasp
- Smjörlíki
- Smjör
- Mjólk (3 tsk.)

Brjótið egginn í skál, sláið þau í sundur og bætið smá mjólk út í (3 tsk. ca.) og setjið raspið á disk. Setjið smjörlíki á pönnu. Veltið kótilettunum upp úr eggjunum og loks raspinu. Steikið sneiðarnar í dagóða stund á báðum hliðum eða þar til þær eru fallega brúnar. Raðið sneiðunum í eldfast form, hellið restinni af feitinni yfir, einnig er ágætt að bæta smá smjörslöttu við, setjið álpappír yfir og eldið í 100°C heitum ofni í um klukkustund.

Svo vil ég gjarnan deila heimagerðri rabarbarasultu-uppskrift með ykkur. Hún er nefnilega ómissandi með kótilettunum. Athugið að þetta er sulta sem maður gerir af uppskeru síðasta sumars.

- 1 kg. af niðurskornum rabarbara beint úr Austur-Landeyjum.
- 800 gr. sykur

Sett saman í pott og suðan látin koma upp, þá er lækkað vel í hitanum og sultan soðin saman í 3-4 klst. á vægum hita. Mik-

ilvægt er að hræra reglulega í sultunni og með því að sjóða hana þetta lengi verður hún þykk og dökk.

Látið sultuna kólna aðeins í pottinum áður en hún er færð yfir á krukkur og síðan er mikilvægt að loka ekki krukunum fyrr en hún er orðin alveg köld.

Jólaís

Heimagerður ís er eitt það besta sem hægt er að hafa í eftirrétt á jólinum. Uppskriftin er af jólaísnum hennar ömmu Kristbjargar og veit ég fyrir víst að hörðustu sælkerar hafa fallið fyrir.

- 1 ltr. rjómi
- 8 eggjarauður
- 16 msk. sykur
- 3 tsk. vanilludropar
- 100 gr. suðusúkkulaði eða Toblerone, smátt brytjað.

Þeytið eggjarauður og sykur saman þar til blandan verður létt og ljós. Þeytið rjóma og blandið honum varlega saman við blönduna með sleikju. Því næst fer súkkulaðið saman við, hrærið öllu varlega saman og hellið ísnum í form. Frystið þar til ísinn er frosinn í gegn.

Þegar ísinn er tekinn úr frystinum setjið þá saxað súkkulaði eða Toblerone ofan á hann áður en hann er borinn fram. Berið ísinn gjarnan fram með heitri súkkulaðisósu og ferskum berjum.

Heit Mars-súkkulaðisósa frá Guðleifu frænku

- 100 g. Síriussúkkulaði
- Pínulítið vatn
- 4 stk. Mars-súkkulaði stykki
- 2 – 2,5 dl rjómi

Síriussúkkulaðið er brætt í potti ásamt vatni. Mars skorið í bita og bætt út í ásamt rjóma. Það er betra að setja minna af rjóma fyrst og bæta frekar við eftir því hvað maður vill hafa sósuna þykka. Láta bráðna saman á meðan þið hrærið í. Sósan er borin fram heit með ís, ávöxtum og rjóma.

Ég ætla að skora á vin minn Ársæl Hauksson sem næsta matgæðing. Ég veit að hann lumar á einhverju sniðugu og verður gaman að sjá hvað hann hefur upp á að bjóða. Bestu þakkir fyrir mig og gleðilegt nýtt ár.



Við ætlum að vera hreyfiafl til góðra verka

Íslandsbanki á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Á upphafsárunum átti bankinn meðal annars þátt í að efla sjávarútveg og var lyftistöng fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Bankinn hefur því frá upphafi verið hreyfiafl í samfélaginu.

Tilgangur okkar er að vera hreyfiafl til góðra verka og framtíðarsýnin er að veita viðskiptavinum ávallt bestu bankþjónustuna. Við erum til staðar fyrir viðskiptavinum við þeirra ákvarðanir og tökum þátt í að gera hugmyndir að veruleika.

Við viljum vera til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi og taka virkan þátt í samfélaginu sem við búum í. Með því að stuðla að sjálfbærni í sinni víðustu mynd höfum við jákvæð áhrif, því það er mikilvægt fyrir okkur og okkar viðskiptavini.

Við eigum að þora að tala um það sem skiptir máli, þó við séum ekki fullkomin.





Sunnulækjarskóli

Vegna forfalla leitar Sunnulaekjarskóli að kennara í tímabundna ráðningu til vors.

Í skólanum eru um 735 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Leitað er að umsækjendum með kennsluréttindi og sérhæfingu á grunnskólastigi, góða íslenskukunnáttu, áhuga og reynslu af teymiskennslu og góða samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is> og hjá skólastjóra í síma 480 5400.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2021.

Sækja þarf um stöðurnar á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://starf.arborg.is>.

Skólastjóri



Færsla Hringvegar (1-b2_b4) um Mýrdal Auglýsing um drög að matsáætlun

Vegagerðin auglýsir drög að matsáætlun vegna færslu Hringvegar (1-b2_b4) um Mýrdal. Í drögum að matsáætlun er m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi:

- Valkostagreiningu.
- Helstu áhrifaþáttum framkvæmdarinnar.
- Hvernig staðið verði að mati á umhverfisáhrifum.
- Fyrirkomulagi kynninga og samráðs.
- Framsetningu gagna í frummatsskýrslu.

Drögin eru aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is og á vefsíðni vik-hringvegur.netlify.app en þar er einnig hægt að koma með ábendingar og athugasemdir. Einnig má senda skriflegar athugasemdir eða ábendingar um drög að tillögu að matsáætlun á netfangið erla@vso.is eða með pósti til VSÓ Ráðgjöf (b.t. Erla Björg Aðalsteinsdóttir), Borgartúni 20, 105 Reykjavík.

Frestur til að senda inn ábendingar er til og með 1. febrúar n.k.

Það er ofurmikilvægt að skrifa fyrir börn og um börn af kærleika -segir lestrarhesturinn Kjartan Ágústsson

Kjartan Ágústsson er Kalinn upp á Löngumýri á Skeiðum. Fór í Menntaskólann að Laugarvatni en lærði síðan íslensku í HÍ og lauk þar BA prófi og tók kennsluréttindi. Kenndi í FSu, Grunnskólanum á Ísafirði og kennir nú í Þjórsárskóla. Kjartan var oddviti Skeiðahrepps í tvö kjörtímabil. Er fjárbóndi og með hross, nokkur landnámsshænsni auk katta og hunds. Rabarbararæktandi sem býr til sultur og rabarbarakaramellur. Hann á 16 ára dóttur sem er mikil hestastelpa og nýtur pabbinn þess að vera hestasteinn og hesta-sveinn fyrir hana. Helsta áhugamál Kjartans utan vinnunnar er lestur en upphalds matur hans er lambasmásteik með rabarbarasultu og íslenskum kartöflum.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að byrja á *Konan sem elskaði fossinn* eftir Eyrúnu Ingadóttur. Fékk hana í jólagjöf en hef lengi dáðst að dugnaði og þrautseigju Sigríðar í Bratholti. Svo keypti ég mér *Birtingaljóð og laust mál* og lofar sú bók mjög góðu. Þá er ég nýbúinn með *Safn íslenskra smásagna 1847 – 1974* í útgáfu Almenna bókafélagsins. Annars er ég venjulega með einhverjar skopsögur, smásagnasöfn og að ögleymdum barnabókum nálægt rúminu. Það er fátt betra til að viðhalda eða endurnýja barnið í sér en að lesa barnabækur. Gallinn er reyndar sá að ég les ekki lengi á kvöldin vegna þungra augnloka. Hins vegar vakna ég oft mjög árla og gríp þá í einhverja góða til að glugga í.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég er hrifinn af þjóðlegum fróðleik og sagnaþáttum. Gamla íslenskar skáldsögur höfðu einnig til mín og auðvitað nýrri líka. Glæpasögur hafa aldrei náð til mín fyrr en ég féll fyrir einhverjum slíkum í fyrra þegar ég datt í að hlusta á Storytel. Það er snilldin ein fyrir einbúa sem

hafa lítinn tíma fyrir lestur en geta hlustað við vinnuna. Tala nú ekki um þegar þeir sofna um leið og þeir leggjast á koddann.

Ertu alinn upp við bóklestur?

Já það var lesið fyrir mig og eldri systkini mín og mörg hver eru þau miklir bókaormar. Ég var frekar seinnlaes en las engu að síður nokkuð mikið. Mamma var vel lesin og fróð og hafði sterkar skoðanir á höfundum og líklega fékk ég eitthvað af því með móðurmjólkinni.

Upphaldsbækur þessa tíma voru íslenskar barnabækur með dýrum í stórum hlutverkum. Nægir þar að nefna *Salómon svarta*. Óla Alexander man ég líka vel eftir. Einnig voru sögur af óknyttastrákum ofarlega á leslistanum eins og *Grímur grallari*. Ekki má svo gleyma því að í FSu datt ég í lukkupott þar sem ég kenndi áfanga um barnabókmenntir. Þá las ég barnabækur í gríð og erg og naut þess ásamt því að kenna og ræða um sögurnar fram og til baka.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég les venjulega eitthvað á hverju kvöldi mislengi eftir stöðu augnloka. Les á morgnana þegar ég vakna fyrir allar aldir. Það gerist æ oftar í seinni tíð. Síðan komst ég á að hlusta á Storytel. Það er einfaldlega magnað að geta látið lesa fyrir sig sögu hvort sem það er í fjárhúsi við gegningar eða uppvasi í eldhúsi. Afköst aukast og oft hef ég staðið mig að því að gera meira en til stóð þar sem sagan var of spennandi til að hætta.

Áttu þér einhvern upphalds höfund?

Ætli ég geti ekki sagt að ég eigi nokkra eða öllu frekar eru ákveðnar bækur þeirra í upphaldi. Guðrún Helgadóttir, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Gunnar Helgason og Magnea



Kjartan Ágústsson.

frá Kleifum koma upp í hugann sem frábærir höfundar sem ná eða náðu vel til barna, en hver á sinn hátt. Ég nefni þær af því það er svo ofurmikilvægt að skrifa fyrir börn og um börn af kærleika og umhyggju og geta túlkað börn á einlægan hátt eins og þau eru. Uppátæki Jóns Odds og Jóns Bjarna eru sígild og það þarf að dusta rykið af þeim reglulega. Barna er mikill fjársjóður sem bráðnaðsynlegt er að halda að börnum. Gunnar Gunnarsson hefur líka verið í nokkru upphaldi og tók ég miklu ástfóstri við skáldsögu hans *Svartfugl* þegar ég kenndi í FSu. Á ég þar nokkrar upphalds persónur og setningar sem ég nota gjarnan. Eins og með konuna sem laug svo deginum ljósara að það var sannleikur á sína vísu.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já það gerðist af og til fyrir einhverjum árum. En nú sofna ég venjulega fáum mínútum eftir að ég leggst út af.

En að lokum Kjartan, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ekki spurning að það yrðu barnabækur með þó nokkru magni af svokölluðum pabba-bröndurum og miklum boðskap. Þar fengi ég útrás fyrir prédikunarþörfina, prestinn sem blundar í mér og smáaulefndi. Tilfellið er að mér finnst gaman að skrifa en ég hugsu nú samt að foreldrar og börn geti sofið róleg eitthvað áfram. En hvað mun gerast þegar ég hætti að kenna skal ósagt látið.

Lestrarhestur númer 106. Umsjón Jón Özur Snorrason.

Sunnlendingar lesa Dagskrána!

Þarft þú að koma þjónustu á framfæri? Fáðu tilboð í auglýsingapakkan hjá okkur.

Sími 482 1944
dfs@dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fréttannáll Dagskrárinnar 2020

Það er ekki hægt að segja að árið hafi verið tíðindalítið þegar rennt er yfir fréttir ársins og mest lesnu fréttir á dfs.is. Hér að neðan er stiklað á stóru um það sem var í fréttum hvers mánaðar og tint til það sem helst var lesið á vefutgáfu Dagskrárinnar.

Janúar



Fréttir bárust af alvarlegu hópslysi á Skeiðarársandi þar sem hópslysa-ætlun HSU var virkjuð. Alls voru sex sem slösuðust og þar af fjórir alvarlega. Þá reið yfir jarðskjálfti upp á 3,7 stig sem fannst víða um Suðurland. Upptök hans voru á sprungusvæði milli Selfoss og Hveragerðis.

Febrúar

Í febrúar dundi óveður á landsmönnum og Björgunar-sveitir höfðu í nógu að snúast. Þá ræddu við við Ernu Hödd Pálmarasdóttur, sem býr til snyrtivörur úr útlitsgölluðum grænmeti. Þá óskaði stjórn Jötunn-véla á Selfossi eftir gjaldprotaskiptum.

Mars

Í mars var kórónuveiran farin að setja mark sitt á fréttáflutning. Skólastarféll niður, fyrstu staðfestu smitin fóru að greinast á Suðurlandi. Veðrið hélt áfram að gera Sunnlendingum grikk. Þrátt fyrir það héldu jákvæðar fréttir að berast. M.a. voru fluttar fréttir af því að Sunnlendingurinn Kristbjörg Sigtryggsdóttir var valin besta leikkona í stuttmynd á Fusion International Filmfestival í London.



Apríl

Fréttir bárust af því að til stæði að reisa verslunina Jötun við og flytja fyrirtækið Aflvélar á Selfoss. En fyrirtækið Aflvélar stóð að baki kaupunum. Þá létu

margir gabbast af aprílþagbi Dagskrárinnar þetta árið, en sagt var frá því að meðlimir Brunavarna Árnassýslu myndu hnykla vöðvana í gluggum Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi. Það reyndist þó ekki vera raunin, en einhverjir lögðu leið sína á Árveginn og keyrðu löturhægt framhjá.

Mai

Ný fyrir-tæki hafa ekki látið árferðið stoppa sig en ein mest lesna fréttin í maí var opnun Poolstofunnar á Selfossi. Þá var sundlaugargestum hleypt í laugarnar eftir fyrstu lokanir sundstaða og margir fegnir að komast í laugar. Þá drifu margir sig og keyptu ljúffenga götubita þegar verkefnið Götubitar á hjólum heimsóttu Selfoss.

Júní



Forsetinn heimsótti miðbæinn. Sumarið komið og veiran á undanhandli eins og sakir stóðu. Ánægjuleg tíðindi af heimavistar-málum FSu bárust, en búið er að opna heimavist við skólann. Þá fann Lögreglan á Suðurlandi með hundinn Storm sér við hlið um 30 kíló af kannabisefnum sem hún og gerði upptæk.

Júlí



Sumarhátíðum hverri af annarri var frestað. Það var svo í lok mánaðar sem frekari takmarkanir fóru að herða tókin að nýju eftir gott sumar. Ferðaþjónustuverkefninu Vitaleiðinni var hleypt af stokkunum við góðar undirtektir. Hún hefur verið vinsæl til ferða, akandi, gangandi og hlaupandi. Sumir í einum rykk, aðrir í köflum.

Ágúst

Í ágúst komu upp nýjar reglur eins og tveggja kinda reglan í kringum smalamennskur og réttir. Þá voru einhverjir

farnir að brjóta sóttvarnalög, en Lögreglan greip glóðvolgan sundlaugargest sem var að koma frá útlöndum. Þá varð til nýr samstarfsbjór hjá Ölverki í Hveragerði og



GK bakaríi á Selfossi sem bar heitið Cinn-a-moment.

September



September litaðist af smitum sem komu upp. Smit kom upp í Vallaskóla á Selfossi, Sundhöllinni og á fleiri stöðum í samfélaginu. Fyrirtækjum hélt áfram að fjölga, en Matarlyst opnaði dyrnar á Selfossi ásamt versluninni Vistveru sem selur vistvænar vörur. Frumkvöðla-starfið blómstraði víða, meðal annars á Eyrarbakka, en þar er ný hugmynd að verða að veruleika um það hvernig nota megir broddmjólk sér til heilsuþátta.

Október



Hæst bar þegar fluttar voru fregnir af því að Nytjamarkaðurinn á Selfossi stæði á krossgötum vegna húsnæðismála. Hársnyrtistofan Lobbýið og fjölskylduvæna kaffihúsið Kaffi og co. opnuðu dyrnar fyrir nýjum viðskiptavinum. Hertar sóttvarnir með miklum takmörkunum voru kynntar fyrir landsmönnum.

Nóvember



Krakkar í Grunnskólanum á Hellu kölluðu eftir aukinni kynfræðslu í skólann við góðar undirtektir frá stjórnendum skólans. Þá tókum við viðtal við starfsstúlkur sem fóru í einangrun vegna ástandsins sem skapaðist á Sólvöllum á Eyrarbakka, en þær fengu allar kórónuveiruna og börðust með jákvæðni í gegn um það ferli.

Desember



Engin jólahlaðborð, tónleikar eða annað mátti finna í desember eins og vanalegt er. Hæst bar þegar fréttir bárust af því að leikskólum í Árborg yrði lokað milli jóla og nýárs, og sitt sýndist hverjum. Þá kom í ljós að Landsbankinn yrði í Landsbankahúsinu enn um sinn. Hér hefur verið stiklað á afar stóru um það sem gerðist á árinu 2020. Við vonum að árið 2021 færi okkur viðburði, gleði, ánægju og samverustundir.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!



Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Ert þú að leita að gefandi og áhugaverðu starfi?
ART-teymið óskar eftir starfsmanni

ART-teymið á Suðurlandi er með vinnusvæðið frá Hellisheiði í vestri og að Lómagnúpi í austri. **ART-teymið** vinnur með skólum og fjölskyldum á öllu svæðinu í formi fjölskyldu ART meðferðar, ráðgjafar og handleiðslu. Auk þess heldur ART-teymið ART-réttindanámskeið fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla og annarra stofnana á öllu landinu.

Hæfniskröfur:

- Einstaklingur þarf að vera með kennararéttindi, félags- og/eða sálfræðimenntun eða sambærilega menntun
- Ábyrgur einstaklingur
- Sjálfstæð og skipulög vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hreint sakavottorð
- Umsækjandi þarf að hafa ART-réttindi

Um er ræða tímabundna ráðningu til 31. desember 2021 með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Nánari upplýsingar gefur **Sigríður Þorsteinsdóttir** verkefnastjóri í síma **860 0427** eða **sigridur@isart.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar nk**. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda á netfangið **sigridur@isart.is**.

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is



F.v. eru Þórir, Viktor og Jón Steindór. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur

UMFÍ-bikarinn afhentur

UMF. SELFLOSS Á aðalfundi Umf. Selfoss, þar sem árið 2019 var gert upp og tókst loks að halda í fjarfundi miðvikudaginn 16. desember síðastliðinn, var tilkynnt að handknattleiksdeild og knattspyrnudeild deildu UMFÍ bikarinn sem deildir ársins hjá félaginu fyrir árið 2019.

Öllum er í fersku minni Íslandsmeistararitill í handknatt-

leik og bikarmeistararitill í knattspyrnu sem unnust árið 2019 og taldi stjórn félagsins ómögulegt að gera upp á milli þessara stærstu afreka í sögu félagsins.

Það þótti við hæfi að Viktor Pálsson formaður Umf. Selfoss afhenti Þóri Haraldssyni, formanni handknattleiksdeildar, og Jóni Steindóri Sveinssyni,

formanni knattspyrnudeildar, UMFÍ-bikarinn við heimili þeirra en svo skemmtilega vill til að þeir búa hlið við hlið í Grundunum á Selfossi.

Við óskum handknattleiksdeild og knattspyrnudeild til hamingju með árangurinn um leið og við þökkum fyrir gott starf.

Árið gert upp hjá strákunum okkar

KNATTSPYRNA Meistaraflokkur karla tók sinn árlega áramótabolta í íþróttahúsinu í Vallaskóla í lok árs og er óhætt að segja að gleðin hafi verið við völd. Áður en boltinn hófst afhenti knattspyrnudeild nokkrum leikmönnum viðurkenningu fyrir vel unnin störf í sumar.

Þorsteinn Aron Antonsson var valinn efnilegasti leikmaður tímabilsins. Þorsteinn steig sín fyrstu skref í meistaraflokki í sumar og vann sér inn fast sæti í liðinu með frábærri frammistöðu leik eftir leik. Frammistaðan vakti athygli enska félagsins Fulham sem keypti Þorstein í haust. Þorsteinn spilar í hjarta varnarinnar með U18 liði Fulham og stendur sig vel.

Markakóngur tímabilsins er Hrvoje Tokic en hann var jafnframt markahæstur í 2. deildinni. Hann skoraði fimmtán mörk í jafnmörgum leikjum. Árið var ekki bara gott innan vallar hjá Tokic en hann gifti sig undir lok árs og á von á sínu fyrsta barni í vor. Til hamingju Tokic!

Guðjónsbikarinn hlaut Ingvi Rafn Óskarsson en bikarinn er veittur fyrir mikilvægt framlag til félagsins sem og jákvæðni innan sem utan vallar. Ingvi lék nítján leiki á tímabilinu og skrifaði undir nýjan samning í haust.

Stefán Þór Ágústsson, markvörður, fékk viðurkenningu fyrir mestu framfarir. Stefán bætti sig mikið í sumar og stimplaði sig

inn sem einn allra besta markvörður deildarinnar. Stefán lék alla leiki liðsins í sumar. Hann skrifaði undir nýjan samning við félagið í sumar. Ásamt því að æfa og spila með meistaraflokki mun Stefán þjálfa markmenn í yngri flokkum félagsins.

Besti leikmaður tímabilsins er Danijel Majkic. Hann gekk í raðir Selfoss fyrir tímabilið en hann kom til landsins í febrúar. Danijel lék á miðjunni í sumar og var stórkostlegur bæði innan sem utan vallar. Hann var frá fyrsta degi staðráðinn í því að hjálpa liðinu upp um deild og tókst honum ætlunarverk sitt ásamt öllum öðrum leikmönnum. Danijel á fjölskyldu í heimalandinu en vegna heimsfaraldurs náðu þau ekki að heimsækja Selfoss né Danijel að heimsækja þau þegar frí gafst. Þær frábæru fréttir bárust síðan eftir tímabilið að Danijel hafi skrifað undir nýjan samning og mun spila í vínrauðu treyjunni í Lengju-deildinni næsta tímabil. -iri



Majkic er besti leikmaður tímabilsins.



Tokic er markakóngur tímabilsins.



Ingvi Rafn hlaut Guðjónsbikarinn.



Þorsteinn Aron er efnilegasti leikmaður tímabilsins.



Stefán Þór fékk viðurkenningu fyrir mestu framfarir.

Ragnar Jóhannsson kemur heim

HANDBOLTI Örvhenta skyttan Ragnar Jóhannsson hefur samið við handknattleiksdeild Selfoss til þriggja ára. Ragnar er Selfyssingur af góðu kunnur og þarf vart að kynna. Hann er uppalinn á Selfossi og lék 93 leiki með meistaraflokki á árunum 2005-2011 og skoraði í þeim 524 mörk.

Ragnar hefur átt góðan feril hér heima og erlendis, en hann gekk til liðs við FH árið 2011, árið 2015 hélt hann til Þýskalands í atvinnumennsku og



Ragnar hefur sjaldan litið betur út í Selfossreyjunni. Ljósmynd: UMFS

hefur verið þar síðan, fyrst með Hüttenberg og með Bergischer HC frá árinu 2019. Í Þýska-

landi hefur hann skorað 448 mörk í 148 leikjum.

Samningur Ragnars við Bergischer átti að renna út næstkomandi vor en eftir samkomulag ákvað Ragnar að rifta samningi nú um áramótin og mun Ragnar því koma til liðsins nú í janúar. Með góðum stuðningi dyggja stuðningsaðila var hægt að láta þetta verða að veruleika á þessum, annars erfiðu tímum. Við bjóðum Ragga hjartanlega velkominn heim. -esó

Sara og Hrafn efnilegasta júdófólk ársins

JÚDÓ Sara Nugig Ingólfssdóttir og Hrafn Arnarson úr júdódeild Umf. Selfoss eru efnilegasta júdófólk ársins 2020. Þetta var tilkynnt á lokahófi Júdósambands Íslands sem var haldið á aðventunni. Á lokahófinu voru útnefnd júdókarl og júdókona ársins 2020 ásamt því að efnilegasta júdófólk ársins hlutu viðurkenningar.

Stjórn JSÍ ákvað að útnefna skyldi júdófólk ársins þrátt fyrir að keppnisárið hafi verið með

óvenjulegasta móti og tækifæri sem gáfust til að skara fram úr hafi verið færri en ella. Jafnframt þótti mikilvægt að heiðra þau afrek sem unnust á árinu þar sem aðstæður voru með eindæmum erfiðar.

Daniele Kucyte úr Júdófélagi Reykjavíkur, sem keppti í -70 kg þyngdarflokki, og Sara Nugig Ingólfssdóttir, sem keppti í -57 kg flokki, úr Júdódeild Selfoss voru útnefndar efnilegustu júdókonur ársins 2020. Hrafn Arnar-

son, Júdódeild Selfoss sem keppti í -90 kg flokki eða -100 kg og Andri Fannar Ævarsson sem keppti í -90 kg flokki voru útnefndir efnilegustu júdókarlar ársins 2020.

Sveinbjörn Jun Iura úr Júdódeild Ármanns og Ingunn Rut Sigurðardóttir úr Júdófélagi Reykjavíkur voru valin júdókarl og júdókona ársins.

Frétt af vef JSÍ
Ljósmyndir: JSÍ



Hrafn annar af efnilegustu júdókörlum ársins 2020.



Sara Nugig önnur af efnilegustu júdókönunum ársins 2020.

Ráðist í 4 milljarða framkvæmd við stækkun Þorlákshafnar

Frá upphafi hefur þróun hafnarinnar verið drifkraftur þróunar okkar góða samfélags. Vöxtur hafnarinnar hefur verið vindurinn í seglinn fyrir íbúa og fyrirtæki. Eftir því sem höfnin hefur orðið betri þá hafa fyrirtækin styrkst, íbúum fjölgað og velmegun aukist. Það eru því bjartir tímar framundan því að ríkið tók ákvörðun um að ráðast í gríðarlegar framkvæmdir við höfnina í Þorlákshöfn. Á þeim loknum munu 180 metra löng skip og 30 metra breið geta nýtt höfnina. Búast má við að þá strax muni þriðja vöruflutningaferjan bætast við og allar líkur fyrir því að sú ferja flytji einnig farþega og einkabíla. Það eru því spennandi tímar í vændum.

Þorlákshöfn er lykilhöfn

Það er ekki langt síðan að hið geysiofluga fyrirtæki Smyril line valdi að hefja fastar áætlunarsiglingar til Evrópu frá Þorlákshöfn. Þor og þrek Smyril line bar árangur og í dag er Þorlákshöfn ein af lykilhöfnum í Evrópusiglingum. Öllum er ljóst hversu mikil tækifæri hafa fylgt þessari ákvörðun Smyril line.

Uppbyggingarverfur

Stjórnendur sveitarfélagsins hafa í gegnum tíðina haft ríkan skilning á mikilvægi hafnarinnar. Þannig hefur verið ofinn og spunninn sá uppbyggingarverfur sem gerir það að verkum að í dag er höfnin ein af lykilhöfnum landsins. Allt frá því að árabátar voru fyrst dregnir í vör yfir til þess tíma sem við í dag þekkjum hefur viljinn verið einbeittur. Við undirrituð erum stolt af því að fá að feta í fótspor þessa fólks og taka næsta stóra skref.

Frekari sókn framundan

Á seinustu árum hafa margar hugmyndir verið uppi um þróun hafnarinnar, skilningur á þörf fyrir skipulag lóða á hafnar-svæðinu, meðvitund um að fjárfesta þyrfti í dráttarbáti, vilji til að breyta höfninni þannig að hægt yrði að koma stærri skipum inn og þar fram eftir götunum. Stóra verkefnið á þeim stutta tíma frá því að við tókum við hefur því ekki verið að búa til skilning á mikilvægi hafnarinnar heldur að koma orðum og vilja í verk. Í skipulagsmálum hafnarinnar þurfti að stíga stór skref. Deiliskipulag var ófullgert, aðalskipulag ófrágengið, lóðir ekki tilbúnar, dráttarbátur hvergi á áætlun og hvergi svo mikið sem minnst á stækkun hafnarinnar í áætlunum ríkisins. Þetta kom því til kasta okkar og félaga okkar í núverandi bæjarstjórn.

Nýr dráttarbátur var mikilvægur

Nýr dráttarbátur var án vafa nauðsynlegur. Kaup á dráttar-



báti var enda ein helsta krafa Smyril line. Við upphaf kjörtímabilsins lá hinsvegar ekkert fyrir annað en viljinn. Kaup voru ekki fjármögnuð, ekki var gert ráð fyrir honum í fjárhagsáætlunum né var búið að tryggja aðkomu ríkisins sem var forsenda slíkra kaupa. Þetta allt gerði núverandi bæjarstjórn á fyrri hluta kjörtímabilsins, auk þess að kaupa hann og taka hann í notkun. Dráttarbáturinn Herdis hefur síðan þá bætt þjónustu hafnarinnar og aukið öryggi sáfara verulega.

Nýjar lóðir á leið í auglýsingu

Núverandi bæjarstjórn hefur nú einnig lokið gerð aðalskipulags á athafnasvæði hafnarinnar sem og deiliskipulagi. Lóðir verða tilbúnar til úthlutunar á næstu dögum. Nú þegar hefur verið unnið með sterkum fyrirtækjum að frekari vexti á athafnasvæði hafnarinnar og ný fyrirtæki sýna áhuga.

Vöxtur gerist ekki ef heimavinnan er vanrækt

Núverandi bæjarstjórn hefur einnig unnið heimavinnuna hvað varðar að koma Þorlákshöfn á áætlanir ríkisins. Í nútímastjórnsýslu er það nefnilega ekki þannig að það sé nóg að fá góða hugmynd. Það þarf að vinna henni farveg og það hefur nú verið gert með mikilli vinnu núverandi stjórnenda og embættismanna og þannig náðist að fá nauðsynlega ályktun samgönguráðs en í henni segir: „Til þess að af því [reglulegar siglingar farþegaferju] geti orðið þarf að bæta hafnaraðstöðuna með lengingu Suðurnavargarðs. Við það verður innsiglingin öruggari en ella og snúningsrými stækkar. Framkvæmd á borð við þessa flokkast sem

nýframkvæmd utan Hafnabótasjóðs vegna umfangs. Með vísan til framangreinds leggur nefndin áherslu á að framkvæmdum í Þorlákshöfn verði tryggt fjármagn í fyrirhuguðu fjárfestingaráttaki 2021–2023“.

Stærsti áfanginn náðist núna í þessari viku

Í þessari viku náðist svo stærsti áfanginn sem var að tryggja fjármögnun ríkisins eins og hún er framsett í fjármálaáætlun. Þar með liggur ljóst fyrir að höfnin hér í Þorlákshöfn mun taka risa skref á næstu árum. Ekki er ólíklegt að heildarkostnaður geti numið hátt í 4 milljörðum þegar allt er til talið. Að því afloknu á höfnin að geta tekið inn allt að 180 metra löng og 30 metra breið skip. Til samanburðar má geta þess að nýju skip Eimskipa og ferja eins og Norræna eru í þessum stærðarflokki.

Áfram verður sótt

Verkið er umfangsmikið og líklegt að það taki um 3 til 4 ár. Lengja á Suðurnavargarð um allt að 200 metra, færa Suðurnavaryggju innar þannig að hún verði í vari af garðinum, byggður verður nýr sandfangari og lengi má áfram telja. Að verki loknu verður Þorlákshöfn enn betri fiskihöfn og staða hennar sem vöruhafnar tryggð til framtíðar. Hafnarbærinn Þorlákshöfn mun því halda áfram að vaxa og styrkjast.

Við trúum því einlæglega að á þessum forsendum sé sókn samfélags okkar best tryggð. Þannig hefur það ætíð verið, og þannig verður það áfram.

Gestur Þór Kristjánsson,
Steinar Lúðvíksson,
Grétar Ingi Erlendsson,
Kristín Magnúsdóttir.

SMURSTÖÐ
VERKSTÆÐI
DEKKJAVERKSTÆÐI

Bíla- og Tækjapjónustan

SÍMI: 775-8638
VIÐ GERUM VIÐ ALLT
bilarogt@gmail.com

Pantið tíma í síma 775 8638
Ormsvelli 7, 860 Hvalsavelli

Hef opnað nýtt verkstæði við Ormsvelli 7 tek að mér viðgerðir, smurþjónustu og dekkjaskipti

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónustu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Óskum eftir verslunarstjóra

Staðsetning: Hveragerði.

Starf: 100%.

Laun: Samkomulag.

Starfslýsing: Dagleg umsjón með staðnum og starfsfólki, pantanir, afgreiðsla og annað tilfallandi.

Skilyrði: Íslensku- og enskukunnátta. Brosmildi og þjónustulund.

Nýtt kaffihús með áfengisleyfi óskar eftir jákvæðum þjónustuliprum aðila sem hefði umsjón með daglegum rekstri og starfsmannahaldi. Þörf er á opnu hugarfari því að um er að ræða nýjan stað.

Spennandi tækifæri hjá reynsluríku fyrirtæki.

Umsóknir berist fyrir 15. janúar 2021 á anna.bogf@gmail.com

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Smáspunaverksmiðjan Uppspuni er framsækið fjölskyldufyrirtæki í örur vexti, staðsett rétt austan við Þjórsárbrú. Við vinnum garn úr ull til sölu og fyrir aðra og það er mikið að gera. Því vantar okkur starfsmann sem þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nauðsynlegt er að viðkomandi:

- geti unnið sjálfstætt.
- sé jákvæður.

Æskilegt er að viðkomandi:

- hafi áhuga á ull og því sem má vinna úr henni.
- hafi áhuga á handverki.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur.

Kostur er ef viðkomandi:

- talar fleiri en eitt tungumál.
- hefur eitthvað kynnst markaðssetningu.

Upplýsingar og umsóknir sendist á póstfangið huldauppspuni@gmail.com



www.uppspuni.is - 846 7199

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Hekla
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd**

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

LJÓSMYND
PRENTUN

Allar algengustu
stærðirnar

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Ekki láta plata þig!

**Gunna
Stella**

Jólin eru búin og auglýsingarnar eru alls-
staðar, samt aðeins öðruvísi en fyrir jól. Við
erum víst búin að borða yfir okkur og þurfum
nauðsynlega að fara í megrun. Þar sem við
erum búin að fitna svo mikið þurfum
við líka nauðsynlega að fara á
útsölurnar sem eru í gangi til
að kaupa okkur ný föt til að
vera sátt við okkur sjálf.
Eða hvað? Þetta er auð-
vitað skrifað í kaldhæðni
sem þó er byggð á raun-
veruleikanum. Aug-
lýsingar koma úr öllum
áttum. Auglýsingar um
megrunkúra eða eitt-
hvað nýtt sem við þurfum
að eignast af því að við
fengum ekki nóg í jólagjöf.
Skilaboðin sem hljóma eru; þú
ert ekki nóg, þú þarft að líta betur út,
þú þarft að eignast eitthvað nýtt og betra til
að líða betur.

Það er mikilvægt fyrir okkur að vera vökulir
neytendur. Að átta okkur á því að það er verið
að ýta undir óánægju hjá okkur sjálfum og láta
okkur halda að við þurfum eitthvað nýtt og
betra til að vera hamingjusamari. Staðreyndin
er hinsvegar sú að við þurfum ekki að sjá aðra
tölu á vigtinni, eignast ný föt eða nýja hluti
til að vera hamingjusöm. Hamingjan kemur
innan frá og hana þurfum við að grafa eftir og
finna. Getur verið að hún leynist undir öllum
samfélagsmiðla, „skrollinu“, að hún leynist
undir „Netflix“ áhorfinu eða öllum hlutunum
í geymslunni, háaloftinu eða eldhússkápunum.

Ég held að svarið sé ekki að eignast meira.
Ég held að svarið sé frekar að eiga minna af
hlutum, hafa meiri tíma og geta notið hverrar
einustu mínútu sem við eigum á þessari jörð.

Svarið er að njóta en ekki þjóta.
Skapa, láta drauma okkar rætast
og gera öðrum gott.

Mín hvatning til þín kærri
lesandi er að byrja þetta
nýja ár sem vökull neyt-
andi. Ekki kaupa hvað
sem er eða reyna að
fylgja tiskustraumum.
Attaðu þig á því hvað
það er sem veitir þér
sanna hamingju. Njóttu
samvista við fólkið þitt.
Elskaðu sjálfan þig, elskaðu
aðra og einfaldaðu lífið þitt.

Ef þú vilt koma í vegferð með
mér í átt að því að einfalda lífið þá er
ég að fara af stað með ókeypis netáskorun
þann 10. janúar næstkomandi. Þessi áskorun er
í tíu daga og mun taka tíu mínútur á dag. Mark-
miðið er að taka lítil skref í átt að einfaldara
lífi. Við þurfum að byrja einhversstaðar og því
ekki að byrja þetta ár á einfaldan hátt. Þú getur
skráð þig í áskorunina TÍU TÍU á heimasíðunni
minni, www.gunnastella.is.

Njóttu þess sem þú hefur og átt. Þú þarft
ekki meira til að upplifa gleði og hamingju.

Kærleikskveðja,
Gunna Stella

Guðjón elstur og 1989
fjölmennust í Hveragerði

Guðjón Pálsson er elsti
íbúi Hveragerðis-
bæjar en hann varð 96
ára þann 3. október 2020.
Íbúar Hveragerðisbæjar
sem komnir eru á tíræðis-
aldur eru 21 alls.

Guðjón Pálsson fluttist
til Hveragerðis árið 1941
og hóf þá störf að Reykj-
um jafnframt því að halda
gangandi rafstöðinni sem
þá var í Varmá en rústir
hennar má enn sjá í Varmárgili. Hann lærði raf-
virkjun og starfaði sem rafvirkir alla sína starfsævi,
lengstum hér í Hveragerði. Hann er í dag búsettur
á Ási hjúkrunarheimili.

Flestir fæddir árið 1989

Árgangur fæddur 1989 er enn sem áður langfjölmennastur í bæjarfélaginu en þau eru nú 67 búandi í Hveragerði.

Árið 2020 eru þegar fædd 26 börn sem öll hafa verið boðin velkomin með gjöf frá bæjarfélaginu sínu. Þau sem fædd eru árið 2019 skipa sér nú þegar í flokk fjölmennustu árganga sem hér búa en þau eru 44.

Mikil fjölgun framundan

Samkvæmt óstaðfestum upplýsingum úr þjóðskrá þann 30. desember 2020 eru íbúar í Hveragerði nú 2.781 en voru 2.699 fyrir 12 mánuðum. Er þetta aukning um 82 íbúa eða 3% á milli ára.

Frá árinu 2000 hefur fjölgað um 57,3% eða um 1.013 manns sem er fjölgun langt yfir landsmeðaltali. Núna eru ríflega 200 íbúðir í byggingu eða í farvatninu og má því búast við mikilli fjölgun í Hveragerði á næstu árum.



Mynd: Hallgrímur P. Helgason

Glitský gleðja augað

Glitský eru afar fögur ský sem myndast í
heihvolfinu í um 15 – 30 km hæð. Glitský
sjást helst um miðjan vetur, um sólarlag eða
sólaruppkomu. Litadýrð skýjanna er afar
greinileg því þau eru venjulega böðuð sólskini
þótt rökkur sé við jörð. Samkvæmt Veður-
stofu Íslands myndast glitský þegar óvenju kalt
er í heihvolfinu, um eða undir -70° til -90°.
„Kristallarnir í skýjunum beygja sólarljósið, en
mismikið eftir bylgjulengd þess. Þannig beygir
blátt ljós meira en rautt. Rauða ljósið kemur því
til okkar undir öðru horni en það bláa, þannig
að við sjáum það koma frá öðrum hluta glit-
skýsins. Litardæmin frá jaðri inn til miðju skýsins
er stundum eins og vísuorðin: gulur, rauður,
grænn og blár en oft er skýið einnig hvítt í
miðju. Litirnir eru líka háðir stærðardreifingu
agna í skýjunum, þannig að oft má sjá rauða,
gula og græna flekki í bland,“ segir í fróðleik
um skýin á vef Veðurstofunnar. -gpp



Tannhjól



Hannes Lárusson
myndlistarmaður

Áð baki sérhverjum gerningi, Agóðverkum jafnt sem hryðjuverkum, er að finna einstaklinga sem bera nöfn og hafa þekktanleg andlit.

Á vefnum dfs.is er að finna ítarlegri samantekt um helstu persónur og leikendur, atburðarás, tímalínu og afleiðingar í tveimur alvarlegum málum sem runnin eru af sömu rótum og deila vettvangi; Alviðrumálinu og Laxabakkamálinu.

Alviðrumálið

Aðalgerandi er Páll Hallgrímsson sýslumaður Suðurlands sem einsetti sér í byrjun áttunda áratugarins að fá einsetumann á níræðisaldri til þess að eftirláta jarðir sínar og eignir endurgjaldslaust til sýslunnar. Þegar gamli maðurinn, Magnús Jóhannesson bóndi í Alviðru í Ölfushreppi, reyndist tregur í taumi kallaði Páll til liðsauka í þeim Hákon Guðmundssyni yfirborgardómara, sem þá var formaður í nýstofnuðum félagskap sem kallaði sig Landvernd, og Hauki Hafstað búihöldi og varaþingmanni að norðan sem Hákon gerði að framkvæmdastjóra í félagi sínu. Þremningarnir spóruðu ekki fagurgala og loforð og urðu nú tíðir gestir hjá Magnúsi sem væru þeir hans bestu vinir þó varla hefðu þekkt hann í sjón áður. Þeir Páll, Hákon og Haukur reyndu með öllum ráðum að sannfæra Magnús gamla um að hann létí jarðir sínar, Alviðru og Öndverðarnes 2 í Grímsneshreppi sem eru samtals mörg hundruð hektarar að stærð. Loks birtist Páll með gjafabréf sem hann hafði dregið upp og Magnús skyldi undirrita tafarlaust og þar með eftirláta eignir sínar Landvernd og Árnassýslu. Í blöðum 1973 var þetta eignaframsal nefnt ein af stærstu gjöfum í sögu landsins.

Eitt af ákvæðum gjafabréfsins var að búskapur skyldi ástundaður á jörðunum. Í samráði við Magnús fluttu þá ung hjón, þau Helgi Þórarinnsson og Þorbjörg Gísladóttir, að Alviðru og hófu þar búskap. Ungu hjónin höfðu vart komið sér fyrir þegar áreiti og ofsóknir af hálfu þeirra þremninga hófust og ljóst varð að ekki var ætlun þeirra heiðursmanna að standa við nokkuð í hinu svokallaða gjafabréfi nema eftir eigin geðþótta. Hafði fagurgali þremninganna, eftir að þeir náðu yfirráðum yfir jörðunum, breyst í yfirgang og dónaskap. Ekki linntu þeir Páll, Hákon og Haukur látum fyrr en þeir höfðu flæmt hjónin, með tvo ung börn sín, af jörðinni og

beittu til þess lögregluvaldi og ofbeldisaðgerðum.

Nú sá Magnús að ekki yrði staðið við ákvæði gjafabréfsins sem lagt hafði verið upp af hans bestu vinum; - sem nú vildu reyndar lítið við gamla karlinn kannast. Magnús var frá upphafi sérstaklega illa við að Landvernd væri aðili að þessari meintu „gjöf“ hans og vildi í byrjun fá aðild þeirra fellda burtu úr gjafabréfinu. Því var hafnað. Magnús reyndi þá að rifta þessu eignaframsali sem þeir Páll, Hákon og Haukur höfðu þvingað fram en þrástöguðust á að væri gegnumheill gjafagerningur fyrir dómstólum. Máli Magnúsar var vísað frá í héraðsdómi 1978 og fljótlega eftir að Magnús dó í hárraelli blásnaður einstæðingur, og fékk litlar þakkir og engin eftirmæli þrátt fyrir hina miklu gjöf, var staðfest með frávísun í hæstarétti 1982 að gjafagerningur þeirra þremninganna stæði og Landvernd og Héraðsnefnd Árneseinga héldu fengnum hlut.

Það er skemmst frá því að segja að enn þann dag í dag hafa litlar efndir verið á gjafabréfi því sem Páll sýslumaður lagði grunninn að. Húsakostur Alviðru hefur frá því Landvernd og Árnassýsla tók við „gjöfinni“ verið í algjörra niðurniðslu; ræktarlönd öll í órækt, girðingar í lamasessi, ruslatunnur á hliðinni, póstkassi brotinn af staur, ryðgað útigrið, matarleifar og brunninn kol á víð og dreif á hlaðinu, njólabreiður og illgresi undir veggjum á mannláusu húsi sem er óíbúðarhæft nema fyrir húsamýs, húðkrabba og kakkalakka. - Ólíkt Geirfinnsmálinu sem kraumaði í íslensku samfélagi á sama tíma má því segja að Alviðrumálið sé óleyst enn þann dag í dag.

Laxabakkamálið

Ekki þótti gjafþegum þessara miklu jarða nóg að gert. Upp úr aldamótum komu þeir auga á einn hektara á Sogsbökkum sem lengst af hafði verið í eigu Ósvaldar Knúdsen brautryðjanda í kvikmyndagerð á Íslandi og einn helsta listamann þjóðarinnar af sinni kynslóð, enda hafði hann á lóð sinni við Sogið byggt og hannað eitt af merkustu húsum landsins frá fyrri hluta aldarinnar. Sömu aðilar, Landvernd og Héraðsnefnd Árneseinga vildu ná þessum litla landskika til sín með góðu eða illu. Nú voru orðin mannskípti í Landvernd og mætt til leiks þau Tryggvi Felixson í hlutverk Hákons og Auður Magnúsdóttir sem ígildi Hauks. Þar sem áður hafði verið virðing fyrir framlagi Ósvaldar Knúdsen til íslenskrar menningar var nú komin forhert blanda af skilningsleysi og virðingarleysi. Á þessum árum höfðu skjólstæðingar Landverndar látið greipar sópa um verðmæti í húsunum, unnið skemmarverk og stolið listaverkum.

Nú lögðu þau Tryggvi og

Auður til lausn Laxabakkamálsins. Lausn þeirra fólst í því að eigendur Laxabakka, þar á meðal friðlýstra mannvirkja, afsalaði sér öllum eignarheimildum til Landverndar og Héraðsnefndarinnar, en sömu aðilar myndi síðan leigja gjafþegum og fyrrum eigendum eignina aftur fyrir nokkur hundruð þúsund króna á ári, auk þess jafnframt að standa straum af öllum gjöldum af hinni afsöluðu eign, þ.m.t. fasteignagjöldum. Tryggvi og Auður sendu síðan skjal til undirritunar sem lýsti þessum málatilbúnaði, dæmalaus hráka-smíð. Ef bjarga ætti og byggja upp hina friðlýstu eign skyldu sérfræðingar Minjaverndar og Íslenska bæjarins jafnframt bera allar aðgerðir og aðferðafræði undir þau Tryggva Felixson og Auði Magnúsdóttur.

Ekki féllust eigendur Laxabakka á þennan málatilbúnað fremur en Magnús í Alviðru rúmum fjórum áratugum fyrr. Þá brást Landvernd og Héraðsnefnd Árneseinga við af sama móð, rekin áfram af sama ágirndarbáli og þremningarnir áður og höfðuðu nú mál gegn Sýslumanninum á Suðurlandi til að freista þess að fá skjöl sem sýndu fram á lögmætt eignarhald Laxabakka dæmd ógild. Þetta mál verður dómtekið 12. janúar, 2021. Ef almannasamtök ná með þessum hætti yfirráðum yfir umræddri eign verður þeirra fyrsta verk að fjarlægja þau „umhverfispjöll“ sem á lóðinni eru, en það hafði forystufólk hinnar alræmdu Alviðrunefndar jafnan kallað listaverk Ósvaldar Knúdsen við Sogið, sem upplýst fólk vísar hins vegar oft til sem fallegasta húss á Íslandi.

Fjögur sveitarfélög á Suðurlandi fá viðbótarframlag

Alls fara rúmar 100 milljónir til fjögurra sveitarfélaga á Suðurlandi með sérstöku framlagi frá ríkinu. Mýrdalshreppur fær hæsta framlagið eða 49.187.177 kr. Þar næst kemur Bláskógabyggð með 26.896.166 kr. Rangárþing ytra fær 16.254.313 kr. Hrunamannahreppur fær 8.827.976.

Framlagið er til þeirra sveitarfélaga sem glíma við mikla fjárhagserfiðleika í kjölfar kórónuveirunnar. Við úthlutun framlagsins var tekið tillit til lækkunar útsvarstekna fyrir tímabilið apríl – október á árinu 2020 miðað við fyrra ár. Jafnframt var horft til tiltekinnna framlaga Jöfnunarsjóðs sem höfðu lækkað frá upphaflegri áætlun.

104 milljóna króna miði í Krambúðinni á Selfossi

Þann 26. desember sl. var einn með fimm tölur réttar í Lottóúdrætti kvöldsins. Miðinn var seldur í Krambúðinni á Selfossi. Tölur kvöldsins voru 1-6-17-23-37 og bónustalan var 8. Vinningurinn kom á tíu raða Lottómiða en alls var vinningurinn upp á 104.129.690 kr.

Þegar fréttin er skrifuð hefur vinningshafinn ekki sótt vinninginn eða gefið sig fram. Framkvæmdastjóri Íslenskar getspar hefur biðlað til miðaeigenda að kanna miða sína vel. Stefán segir það sjaldgæft í dag að vinningar sitji eftir ósóttir, hvað þá af þessari stærð.

Bókari á skrifstofu Bláskógabyggðar

Bláskógabyggð leitar að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa á skrifstofu sveitarfélagsins við bókhald, símsvörun og almenn skrifstofustörf. Skrifstofa Bláskógabyggðar er staðsett í Aratungu í Reykholti.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Móttaka, skráning og lykln reikninga í Navision bókhaldskerfi.
- Leiðbeiningar til starfsmanna um lykln reikninga.
- Bókun millifærslna og leiðréttinga.
- Símsvörun, móttaka og afgreiðsla pósts og erinda.
- Frágangur mála til Héraðsskjalasafns.
- Önnur skrifstofustörf.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Bókhaldskunnátta er skilyrði.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni.

Leitað er að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við fjölbreytt verkefni. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum, tilbúinn að fást við ólík verkefni, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Frekari upplýsingar um starfið:

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknum ásamt ferilskrá má skila á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða með pósti merktum: Bláskógabyggð, Aratungu, 806 Selfoss.

Öllum umsóknum verður svarað. Starfshlutfall er 90 til 100%. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2021.

Nánari upplýsingar veitir Sigurros H. Jóhannsdóttir – sigurros@blaskogabyggd.is

Matvælasjóður úthlutar um 90 milljónum til sunnlenskra verkefna



Gréta María Grétarsdóttir, formaður stjórnar Matvælasjóðs og Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Nokkur eftirvænting hefur verið eftir úthlutun styrkja úr Matvælasjóði, en um er að ræða fyrstu úthlutun úr sjóðnum. Við stofnun sjóðsins leggjast af Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS. Það voru samtals 62 verkefni sem hlutu styrk að fjárhæð allt að 480 milljónir. Alls bárust 266 umsóknir um styrki upp á 2.7 ma.kr. Hlutverk sjóðsins er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Um er að ræða fjóra styrkjaflokka; Bára, Afurð, Fjárjóður og Kelda.

Það voru fimm verkefni á Suðurlandi sem hlutu beina styrki og önnur fimm verkefni sem eru að hluta unnin á Suðurlandi eða í samstarfi við sunnlenska aðila. Beinir styrkir numu samtals 33,7 m.kr. og aðrir styrkir upp á 55,4 m.kr.

Samtals runnu því beint og óbeint 90 m.kr. til sunnlenskra verkefna úr þessari fyrstu úthlutun.

Ráðgert er að veita að nýju styrki úr sjóðnum á fyrri hluta næsta árs. Eru frumkvöðlar og fyrirtæki hvött til að fylgjast vel með og leita aðstoðar hjá ráðgjöfum á vegum SASS við mótun og þróun verkefnaumsókna.

Verkefni á Suðurlandi sem hlutu styrk eru eftirfarandi

- GMATT ehf. – CODD WINGS/Þorskvængir. Verðmætaaukning á van-nýttari afurð, kviðugga á þorski. Styrkur 3 m.kr.
- R&F ehf. – Hampur og jarðhiti. Styrkur 3 m.kr.
- Aldingróður ehf. – Ræktun ætra blóma árið um kring. Styrkur kr. 730.000.
- Marpet ehf. – Heilsumulinn.

Framleiðsla á heilsusnarli úr síld fyrir gæludýr. Styrkur 8 m.kr.

- Sandhóll bú ehf. – Þróun íslenskrar haframjólkur. Styrkur 19 m.kr.

Önnur verkefni sem tengjast Suðurlandi og fleiri landshlutum og fengu styrk eru eftirfarandi;

- Eimverk ehf. – Íslenskt malt edik. Styrkur 3 m.kr.
- Björn A. Hauksson – Kaffi kóla. Styrkur 3 m.kr.
- Punktur ehf. – Kæling lýstra gróðurhúsa. Styrkur 15 m.kr.
- Matís – Bætt gæði, geymsluþol og minni sóun í virðisbættu íslensks grænmetis. Styrkur 18,4 m.kr.
- Síldarvinnslan – Ný þrávarnarefni og stöðuleiki makrílsmjöls. Styrkur 16 m.kr.

Samtals 55.400.000.

Fram kom í ávarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við úthlutunina að áætlað sé að Matvælasjóður muni hafa 628 milljónir til umráða á næsta ári og stefnt er á að opna fyrir umsóknir í mars 2021 og úthlutað verði í maí 2021.

Prikið á bólakaf í pottlokið

Það var ófögur sjón sem blasti við eiganda heita-potts á Selfossi að morgni nýársdags. 80 sentímetra langt rakettuprik hafði stungist á kaf í nýtt pottlokið. Alda Alfreðsdóttir, eigandi pottsins, sagði velkomið að eigandi priksins vitjaði þess, en hún var ekki ánægð með skemmdirnar á nærri nýju lokinu. „Sem betur fer vorum við þó ekki ofan í.“



Lagnapjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

25. ára



D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC / viðskiptafræði
dhhokhalde@gmail.com
s. 6933708

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðir - Almennar raflagnir

BÓNFDGAR



Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327

- Sækjum og skilum -

Jiibbiíi

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.


Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR



Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílruðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is